

Sp.

270. Tillaga til þingsályktunar

um veg yfir Kollabúðarheiði.

Frá Finni Jónssyni.

Sameinað Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta nú á þessu sumri fullgera bifreiðavegin yfir Kollabúðarheiði að Melgraseyri við Ísafjarðardjúp og heimilur fé úr ríkissjóði í þessu skyni.

G r e i n a r g e r ð .

Svo að segja daglega berast fregnir um auknar hættur í siglingum umhverfis landið, og eru menn þó misjafnlega settir í þessu efni. Mikinn hluta ársins fara fólksflutningar fram landveg, með bifreiðum til allra landshluta nema Vestfjarða. Þeir hafa orðið útundan með akvegasamband sitt. Virðist því mjög brýn þörf á að bæta úr þessu hið allra fyrsta, enda geta ríkissjóðs næg til þess. Setuliðsvinna er engin á Vestfjörðum, en almennur áhugi fyrir, að vegur sá, er í tillögunni getur, sé fullgerður hið allra fyrsta. Virðist því einsætt, að með samvinnu ríkisstjórnar og sveitarstjórna á Vestfjörðum ætti að vera í lófa lagið að bæta úr hinni brýnu þörf Vestfirðinga, með því að fullgera nefndan veg nú í sumar.